



U S T

Umhverfisstofnun

Environmental Agency of Iceland

Smiduháttarátt 24  
101 Reykjavík, Ísland

Tel: (460) 501 2000

Fax: (460) 591 2010

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Hvalfjarðarsveit  
Einar Örn Thorlacius  
Innrimel 3  
301 Akranes

Reykjavík, 12. mars 2007

Tilvísun: UST20060100062/tb

### Efni: Aðalskipulag Skilmannahrepps 2002-2014, Grunnafjörður

Vísað er í bréf frá Hvalfjarðarsveit, dags. 13. nóvember 2006, og bréf dagsett 26. febrúar sl. Beðist er velvirðingar á þeirri miklu töf sem hefur orðið á að svara fyrra bréfi Hvalfjarðarsveitar.

Í bréfi Hvalfjarðarsveitar frá 13. nóvember 2006 er fjallað um umsögn Umhverfisstofnunar frá 5. janúar 2006 um Aðalskipulag Skilmannahrepps 2002-2014. Í þeirri umsögn kemur eftirfarandi fram undir kaflanum *Samgöngur*: *Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir nýrri veltengingu milli Akrafjallsvegur í Skilmannahreppi og hringvegur í Leirár- og Melahreppi þar sem farið væri yfir Grunnafjörð. Samkvæmt greinargerð sem fylgir með aðalskipulagi mun vegur yfir Grunnafjörð stytta vegalengd milli Akraness og Borgarness um u.þ.b. 7 km, en mun ekki hafa í för með sér styttingu á vegalengd milli Hvalfjarðarganga og Borgarness. Samkvæmt greinargerði með aðalskipulaginu mun vegur yfir Grunnafjörð væntanlega leiða til þess að hringvegur (þjóðvegur 1) verði færður vestur fyrir Akrafjall og er talið að slík breyting muni styrkja verslun og þjónustu á Arkanesi. Tekið er fram að engar endanlegar ákvarðanir um lagningu vegarins liggi fyrir.*

*Að mati Umhverfisstofnunar er Grunnafjörður eitt mikilvægasta votlendissvæði Íslands en svæðið er einnig eitt af þremur Ramsarsvæðum landsins. Grunnafjörður er einn af mikilvægustu viðkomustöðum farfugla á Íslandi og einn af mikilvægustu fæðusvæðum hafarnar á sunnanverðu Vesturlandi. Með vegi yst í Grunnafirði væri svæðið skorið sundur með stórfelldri truflun fyrir fuglalíf og vatnsskipti yrðu trufluð með þeim afleiðingum að breyting yrði á seltu og lífríki leirusvæðanna. Í ljósi þess leggst Umhverfisstofnun gegn því að gert verði ráð fyrir vegi yfir Grunnafjörð. Ennfremur bendir stofnunin á að Grunnafjörður er friðlýstur sem friðland samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 548/1994 og að samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir allri mannvirkjagerð innan hins friðlýsta svæðis. Telur stofnunin að það eigi að koma fram í greinargerð með skipulagstillögunni.*

Að mati Hvalfjarðarsveitar vantar rökstuðning fyrir niðurstöðu Umhverfisstofnunar og óskar sveitarfélagið því eftir að fá nána skýringar og svör við 6 spurningum. Umhverfisstofnun mun

hér að neðan svara þessum spurningum.

Í bréfi Hvalfjarðarsveitar frá 26. febrúar sl. er fjallað um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2007-2018 og m.a. vísað í texta á bls. 129 í umhverfismati samgönguáætlunar. Einnig er vísað í fréttavefinn [www.skessuhorn.is](http://www.skessuhorn.is) þar sem haft er viðtal við vegamálastjóra 23. febrúar sl. Þar veltir vegamálastjóri upp hugmynd um að fram fari óformlegt mat á möguleikum framkvæmda á þessum stað með þátttöku hagsmunaaðila s.s. sveitarstjórna á svæðinu, Vegagerðarinnar, Umhverfisstofnunar svo einhverjir aðilar séu nefndir. Hvalfjarðarsveit telur áhugavert að fá álit Umhverfisstofnunar á framangreindri hugmynd Vegamálastjóra.

Samkvæmt 4. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur nr. 60/1992 er stofnuninni m.a. ætlaða að *leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistikerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna*, í ljósi þessa taldi Umhverfisstofnun rétt að leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands á erindi Hvalfjarðarsveitar frá 13. nóvember 2006 (erindi sent NÍ 15. desember 2006 vegna mistaka). Svar barst Umhverfisstofnun 7. mars sl.

#### **Svar við bréfi frá 13. nóvember 2006:**

Spurningarnar Hvalfjarðarsveitar eru eftirfarandi:

#### **1. Fullyrt er að Grunnafjörður sé eitt mikilvægasta votlendissvæði Íslands. Hvaða rannsóknir styðja þessa fullyrðingu?**

Votlendissvæði sem gerð eru að Ramsarsvæðum þurfa að uppfylla ákveðin viðmið. Meðal þess sem er skoðað er hvort ákveðin gerð af votlendi er sjaldgæf á tilteknu svæði og hvort þar eru sjaldgæfar plöntur eða dýr. Einnig þarf votlendið að vera búsvæði fyrir minnst 20.000 votlendisfugla eða vera búsvæði fyrir meira en 1 % af ákveðnum fuglastofni en þá telst það vera mikilvægt á alþjóðavísu. Það þarf því í raun ekki annað en að svæðið uppfylli síðast talda skilyrðið til að það teljist vera alþjóðlega mikilvægt.

**Í svari Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur eftirfarandi fram :** „Skv. hefðbundinni skilgreiningu eru votlendissvæði skilgreind sem ár, vötn, mýrar o.fl. votlend svæði inn til landsins, en einnig grunnsævi, svo og fjörur, þar á meðal leirur. Grunnafjörður er svokallað sjávarlón, nánar tiltekið leirulón, en svo nefna menn þrönga firði, árósa o.fl. strandsvæði þar sem sjávarföll sæta verulegum hindrunum (*sjá Agnar Ingólfsson 1990: Sjávarlón á Íslandi, Fjölrit Náttúruverndarráðs nr. 21* ). Fremur litlar rannsóknir hafa farið fram á fjörudýrum í Grunnafirði en þar eru mikil leirusvæði, alls um 12,5 km<sup>2</sup> og einkennast þau af fremur tegundasnaudum sandmaðksleirum en skeraleirum innst (*sjá Agnar Ingólfsson 1983: Athuganir á lífríki fjöru í grennd við Grundartanga, skýrsla Líffræðistofnunar Háskólans* ). Þrátt fyrir að tegundafjölbreytni fjörudýra virðist ekki vera mikil er mergð dýranna mikil og undirstaða fyrir fjölbreytt fuglalíf árið um kring.

Allt frá því að hafist var handa um skipulega skráningu votlendissvæða á Íslandi upp úr 1970 (sjá t.d. *skrá yfir í bók Landverndar "Votlendi"* sem út kom árið 1975 og margar útgáfur Náttúruminjasráðs) hefur Grunnafjörður verið talinn mikilvægt votlendissvæði, einkum þó fyrir fugla. Rannsóknir sem styðja þá fullyrðingu sem fram kemur í spurningunni eru m.a.

kerfisbundnar fuglatalningar starfsmanna Háskóla Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands er hófust með rannsóknum Arnþórs Garðarssonar upp úr 1970 sem staðið til þessa dags. Arnþór hefur ásamt Guðmundi A. Guðmundssyni, fuglafræðingi kannað helstu fjörusvæði á Íslandi með tilliti til fuglalífs, þar á meðal Grunnafjörð (sjá t.d. *Arnþór Garðarsson & Guðmund A. Guðmundsson 1991: Yfirlit um gildi einstakra fjörusvæða fyrir vaðfugla – talningar á vaðfuglum í maí 1990. Áfangaskýrsla, 45 bls. og Guðmundur A. Guðmundsson & Arnþór Garðarsson 1993. Numbers, geographic distribution and habitat utilization of waders (Charadrii) in spring on the shores of Iceland. - Ecography 16: 82-93*). Þeir Arnþór og Guðmundur hafa einnig um margra ára skeið kannað útbreiðslu og dreifingu margæsa á Vesturlandi, með tíðum talningum, sjá t.d. *Arnþór Garðarsson og Guðmundur A. Guðmundsson 1996. Numbers of Light-bellied Brent Geese (Branta bernicla hrota) staging in Iceland in spring. Wildfowl 47:68-72*).

Grunnafjörður er votlendissvæði sem er mikilvægt á alþjóðlegan mælikvarða og stenst auk þau viðmið sem gerð eru til Ramsarsvæða enda eitt þriggja slíkra hér á landi (sjá t.d. *Grimmett, R.F. og Jones, T.J. 1989. Important bird areas in Europe. International Council for Bird Preservation (Techn. Publ. 9) 888 bls., Ólaf Einarsson 2000: Iceland. Í: M. F. Heath og M. I. Evans (ritstj.) Important Bird Areas in Europe: Priority sites for conservation. Vol. 1. Northern Europe. BirdLife Conservation Series No. 8. BirdLife International, Cambridge, UK: 341–363 og BirdLife International 2001: Important Bird Areas and potential Ramsar sites in Europe. BirdLife International, Wageningen. 126 bls.*).

Í framangreindu svari Náttúrufræðistofnunar Íslands og í svari hennar hér að neðan við spurningu 3 er vísað í heimildir sem staðfesta að þau viðmið eru uppfyllt sem gera Grunnafjörð að alþjóðlega mikilvægu votlendissvæði og þar með eitt af mikilvægustu votlendissvæðum Íslands.

## **2. Sagt er að umrætt svæði sé eitt af þremur Ramsarsvæðum landsins. Hvaða réttaráhrif hefur það nákvæmlega að ákveðið svæði sé lýst Ramsarsvæði. Hvar hefur það verið auglýst opinberlega að þetta svæði sé Ramsarsvæði?**

Ramsarsamningurinn er alþjóðlegur samningur í vörslu Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO). 22. júní voru aðildarríki 124. Samningurinn var gerður í Ramsar, Íran, 2. febrúar 1971 og öðlaðist gildi 21. desember 1975. Ísland gerðist aðili að samningnum 2. desember 1977 og öðlaðist hann gildi 2. apríl 1978. Stj. C 1/1978. Heiti samningsins er: - Samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf.- *Convention on Wetlands of International Importance Especially as Waterfowl Habitat (Ramsar Convention)*.

Þjú ákvæði úr samningnum taka m.a. á ábyrgð Íslands í að vernda og gæta að viðgangi votlendissvæða sem eru á Ramsarskrá. Í samræmi við markmið samningsins ber samningsaðilum að:

undirbúa og framkvæma skipulag þannig að stuðlað sé að vernd votlenda sem eru á skránni, svo og skynsamlegri nýtingu votlenda innan lögsögu þeirra, svo sem unnt er,

stuðla að verndun votlenda og votlendisfugla með því að stofna friðlönd á votlendum, hvort heldur þau eru á skránni eða ekki, og sjá um að gæsla þeirra sé fullnægjandi,

leitast við að auka stofna votlendisfugla í heppilegum votlendum með viðeigandi ráðstöfunum

(<http://umhverfissraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/157>)

Grunnafjörður er einnig friðland skv. augl. nr. 548/1994 (birt í stjórnartíðindum B-deild) og hefur friðlýsingin réttaráhrif sem lúta einkum að leyfisskyldu Umhverfisstofnunar fyrir framkvæmdum sem raskað geta svæðinu og þeirri vernd sem fjallað er nánar um í friðlýsingunni. Leita þarf t.d. leyfi Umhverfisstofnunar fyrir vegagerð yfir Grunnafjörð, sjá. einnig 38. gr. laga um náttúruvernd *Hætta á röskun náttúruminja*. Samkvæmt friðlýsingunni er t.d. **allt jarðrask óheimilt, óheimilt að raska sjávarföllum í friðlandinu og óheimilt er að skerða sjávar- og strandgróður**. Sérstaklega er fjallað um undantekningar. Um friðlýsingaferlið sjálf fer samkvæmt lögum um náttúruvernd og hefur ekkert svæði á Íslandi verið friðlýst án samþykkis viðkomandi hagsmunaaðila.

Íslensk stjórnvöld taka ákvörðun um að tilnefna svæði á Ramsarskrá/lista. Þann 26. janúar 1996 sendir Náttúruverndarráð umhverfissráðuneytinu bréf og fer þess á leit við ráðuneytið að það hlutist til um að friðlandið Grunnafjörður verði tilkynnt og tilnefnt sem Ramsarsvæði í samræmi við 2. gr. Ramsarsamningsins. Umhverfissráðuneytið tekur undir málaleitan Náttúruverndarráðs með bréfi til utanríkisráðuneytisins og óskar eftir því að ráðuneytið taki málið til formlegrar fyrirgreiðslu. 3. júlí 1996 berst Náttúruverndarráði fax þar sem er tilkynnt að Ramsarskrifstofunni hafi borist gögn um tilnefningu Grunnafjarðar á Ramsarskrá 24. júní 1996 og er sá dagur jafnframt dagsetning formlegrar tilnefningar svæðisins. Um þetta berst utanríkisráðuneytinu staðfesting 9. september 1996.

**Svar Náttúrufræðistofnunar Íslands:** Náttúrufræðistofnun telur það ekki á verksviði sínu að svara þessari spurningu en vill þó benda á ítarlega umfjöllun um þýðingu Ramsarsvæða, t.d. í úrskurði Jóns Kristjánssonar um Norðlingaölduveitu er kveðinn var upp úr í ársbyrjun 2003. Sjá einnig svar við 1. lið.

### **3. Fullyrt er að Grunnafjörður sé einn af mikilvægustu viðkomustöðum farfugla á Íslandi. Hvaða rannsóknir styðja þessa fullyrðingu?**

Umhverfisstofnun vísar í svar við lið 1 og svar Náttúrufræðistofnunar Íslands hér að neðan.

**Svar Náttúrufræðistofnunar Íslands:** sjá svar við 1. lið og heimildir sem þar er getið. Þess má geta að þúsundir rauðbrystinga (a.m.k. 1-2% stofnsins) og margæsa (um 25% stofnsins) fara um Grunnafjörð ár hvert. Mergð hvorrar tegundar fyrir sig er nægileg til að telja svæðið alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði. Ísland ber mikla ábyrgð á fargestum sem hafa viðkomu á leið sinni til og frá hánorðlægum varpstöðvum. Viðkomustaðir þessara fargestu eru afar mikilvægir til þess að þeir nái að byggja upp forða fyrir varp og farflug til og frá vetrarstöðvum. Því lagði Náttúrufræðistofnun til við gerð síðustu Náttúruverndaráætlunar að áhersla yrði lögð á verndun margæsa og rauðbrystings. Helstu rök eru að allur margæsarstofninn að deilitegundinni *Branta bernicla hrota* hefur hér viðkomu, og tæplega 80% rauðbrystingsstofnsins fer hér um, en hann er einnig af sérstakri deilitegund *Calidris canutus islandic*. Margæs og rauðbrystingur eru í viðauka þrjú Bernarsamningsins og eru flokkaðar sem SPEC 3 tegundir (þ.e. tegundir sem mikilvægt er að styrkja verndun á). Einnig er vert að geta að þessir fuglar eru í viðauka 2 Bonnsamningsins (sjá Ólaf Einarsson, Jón

Gunnar Ottósson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson 2002. Verndun tegunda og svæða. Tillögur Náttúrufræðistofnunar vegna Náttúruverndaráætlunar 2002. NÍ-02-016).

#### 4. Fullyrt er að Grunnafjörður sé eitt af mikilvægustu fæðusvæðum hafarnar á sunnanverðu Vesturlandi. Hvaða rannsóknir styðja þessa fullyrðingu?

Umhverfisstofnun vísar í svar Náttúrufræðistofnunar Íslands hér að neðan. Umhverfisstofnun telur afa brýnt að góðum búsvæðum hafarna á Íslandi sé ekki raskað. Miðað við hvað varpstofninn er faliðaður telur Umhverfisstofnun ekki vera svigrúm fyrir framkvæmdir eða annað sem geti ógnað stofninum. Í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994 segir m.a. í 19. gr.:

*Óheimilt er frá 15. mars til 15. ágúst að koma nær arnarhreiðrum en 500 m nema brýna nauðsyn beri til, svo sem vegna lögmætra nytja sem ekki er hægt að stunda á öðrum árstíma, enda sýni menn ýtrustu varfærni og forðist að trufla fuglana. Þessi takmörkun á umferð gildir bæði þar sem ernir eru að búa sig undir varp og við þau hreiður sem orpið hefur verið í og eru með eggjum eða ungum.*

*Óheimilt er að hrófla við hreiðrum og hreiðurstæðum arna og svæði sem takmarkast af 100 m hringmáli umhverfis, hvort sem er á varptíma eða utan hans. Einnig er óheimilt að koma fyrir hvers kyns búnaði í þeim tilgangi að fjela fugla frá hreiðurstæðum eða reyna að hindra þá í að verpa þar. Með hreiðurstæðum samkvæmt þessari grein er átt við alla þá staði sem ernir hafa orpið á. Heimilt er þó að stugga við örnum sem halda til eða sjást í friðlýstum æðarvörpum, svo fremi sem fuglunum sjálfum, hreiðrum þeirra, eggjum og ungum er ekki hættu búin. Þó er óheimilt að stugga við hreiðurörnum innan 2 km frá varpstað. Ráðherra setur reglugerð um þær aðferðir sem heimilt er að nota til að stugga við örnum í friðlýstum æðarvörpum.*

*Umhverfisráðherra getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. og 2. mgr. í sérstökum tilvikum, svo sem vegna lagningar þjóðvega eða annarrar mannvirkjagerðar í almannáþágu, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands. Þá er Umhverfisstofnun heimilt, að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, að veita undanþágu frá ákvæðum 1. mgr., svo sem vegna myndatöku og rannsókna, enda sé sótt um hana fyrir fram. Skilyrði skulu sett um umgang við hreiður við veitingu slíkrar undanþágu.*

Vegna 3. mgr. hér að ofan er rétt að benda á að nú þegar liggur þjóðvegur um Vesturland og þjóðvegur á milli Akraness og Borgarfjarðar og að vegur um Grunnafjörð mun einungis stytta vegalengd milli Akraness og Borgarness en ekki t.d. Hvalfjarðargangna og Borgarness.

**Svar Náttúrufræðistofnunar Íslands:** Arnarstofninn er afar faliðaður hér á landi og einungis 65 varppör, þrátt fyrir nokkra fjölgun á síðari árum. Flestir fuglanna verpa við Breiðafjörð en 14 pör verpa við Faxaflóa, frá Grunnafirði vestur á Snæfellsnes. Fylgst hefur verið náið með arnarstofninum af Náttúrufræðistofnun Íslands og Fuglavernd árum saman, þar á meðal þeim örnum sem dvelja í Grunnafirði. Gerð hefur verið almenn grein fyrir niðurstöðum þeirra rannsókna í fjölmörgum skýrslum og greinum en jafnan er forðast að fjalla um einstök svæði, nema í undantekningartilvikum. Arnarvarp hófst að nýju í Grunnafirði um 1990 og hafa ungar komist þar upp oft síðan. Sumarið 2006 voru fest senditæki á nokkra arnarunga við Faxaflóa, þar á meðal á unga úr hreiðri í Grunnafirði. Fylgst er með fuglunum 2-4 sinnum í hverjum

mánuði og skráð hvar þeir halda sig. Í ljós hefur komið að arnarparið og unginn hafa verið allan tímann á tiltölulega þröngu svæði, þ.e. í utanverðum Grunnafirði. Ef landnotkun þeirra arna sem fylgst hefur verið með væri reiknuð í “arnardaga” á ferkílómetra fjöru yfir árið – er líklegt að arnarsvæðin í Grunnafirði kæmu í fyrsta sæti en þessar rannsóknir standa enn yfir og því erfitt að fullyrða um endanlega niðurstöður. Það er engu að síður ljóst að ernir halda til árið um kring í Grunnafirði og þar – og í ósnum hafa auk þess sést allt að fjórir “aðkomuernir” samtímis. Þetta bendir eindregið til þess að í Grunnafirði sé afar gott undir bú fyrir erni.

**5. Sagt er að með vegi yst í Grunnafirði væri svæðið skorið sundur með stórfeldri truflun fyrir fuglalíf. Hvernig má það vera, ef vegurinn liggur yst í Grunnafirði, en ekki í gengum mitt svæðið?**

Veglínur sem hafa verið sýndar liggja um ós Grunnafjarðar og fara inn á friðlandið, sjá Aðalskipulagsuppdrátt Skilmannahrepps 2002-2014 -sveitarfélagsuppdráttur og Aðalskipulag Leirár- og Melahrepps 2002-2014-sveitarfélagsuppdráttur. Það virðist einnig vera ljóst að veglínan eins og hún er sýnd skerði leirur. Eins og kemur fram í umsögn Náttúrufræðistofnunar þarf brú eða vegur ekki endilega að liggja um mitt svæði til að hafa áhrif. Það er hægt að fullyrða að vegur um ósinn muni hafa veruleg áhrif en nákvæmlega hve mikil er óvíst. Það er hins vegar hægt að fullyrða að það er engin ástæða að taka áhættu með eitt af mikilvægari votlendissvæðum landsins enda er tilgangur friðlýsingar svæðisins að vernda það.

**Svar Náttúrufræðistofnunar Ísland :** Ekki liggur fyrir hvaða veglínur eru til umræðu en vegur um ósinn eða utanverðan Grunnafjörð mun liggja um mikilvægustu vetrarsvæði marga fuglategunda, þar á meðal tjalds og æðarfugls en þúsundir einstaklinga þessara tegunda halda til á umræddu svæði. Hafa ber í huga að vegir um ósa og þröng fjarðarmynni á borð við Grunnafjörð, þar sem umferð fugla er mikil, mun óhjákvæmilega hafa slysaðu í för með sér fyrir þungfleyga fugla á borð við æðarfugl en mikið æðarvarp er í Akurey og auk þess dreift víða um fjörðinn.

**6. Fullyrt er að vatnsskipti verði trufluð með þeim afleiðingum að breyting verði á seltu og lífríki fæðusvæðanna. Hvers vegna gefur Umhverfisstofnun sér það að vatnsskipti verði trufluð með veginum? Að sjálfsögðu myndum engum framkvæmdaáðila detta annað í hug en að leggja brú yfir svæði með það löngu hafi að full vatnsskipti yrðu tryggð.**

Það er rétt að Umhverfisstofnun gefur sér að vatnsskipti verði fyrir truflun. Annað er ekki hægt út frá þeim kortum sem liggja til grundvallar. Allar þveranir fjarða hingað til hafa haft áhrif á vatnsskipti. Margar þveranir geta verið þess eðlis að sama vatnsmagn fari út og inn. Það þarf hins vegar alls ekki að vera svo að það gerist með sama hætti og áður. Þ.e. að vatnsskiptin eru ekki endilega þau sömu í tíma. Mannvirki, brýr og leiðigarðar, hafa einnig áhrif á strauma, sandburð eða myndun leira. Versta / besta dæmi um þverun fjarðar er Gilsfjörður en þar hurfu um 4 % af leirum landsins.

Þveranir fjarða eiga sér stað við mjög mismunandi aðstæður. Á stað þar sem t.d. lítill munur er á flóði og fjöru getur þverun skipt litlu máli. Grunnafjörður hins vegar tæmist að stórum hluta af sjó og myndast við það mikil flæmi af leirum á fjöru. Það þarf því ekki miklar breytingar til að raska sjávarföllum enda er sérstaklega tekið fram í friðlýsingu að það sé

óheimilt. Vegagerð um fjörðinn sem hefði engin áhrif á sjávarföll eða vatnsskipti yrði að öllum líkindum, miðað við það sem hefur hingað til verið gert, miklu dýrari en ella. Kostnaður við þverun fjarða hefur ráðið miklu um útfærslu mannvirkja. Þó svo að gerð yrði brú sem **engin** áhrif hefði á vatnsskipti þá er samt hætt á að leiðigarðar eða stólpar eða önnur mannvirki hefðu áhrif á leirmyndun og strauða. Sjá einnig svar við lið 5 um truflun.

Full vatnsskipti eru sem sagt ekki lausn nema að það þýði eftirfarandi: að engin áhrif verði á þann tíma sem leirurnar eru leirur en ekki sjávarbotn (þetta er t.d. ástæða þess að bent er á að seltumagn verður annað ef minnsta breyting verður), að brúin hafi engin áhrif á leirmyndun vegna breytinga á straumum eða vegna þess að mannvirkin verða fyrirstaða að einhverju leiti og að ekki verði truflun af mannvirkinu sjálfu á t.d. flug fugla. Rétt er einnig að benda á að mengun getur orðið af bílaumferð og hætt á mengunarslysum eykst.

Rétt er að taka fram að Náttúrufræðistofnun Íslands var ekki með aðalskipulagskort af svæðinu undir höndum.


**Svar Náttúrufræðistofnun Íslands** : Stofnunin hefur engar forsendur til að meta hugsanlega áhrif vegar á seltu og vatnsskipti enda fylgdu engin gögn um umfang framkvæmda, fremur en staðsetning á hugsanlegum veglínunum.

#### **Svar við bréfi frá 26. febrúar sl.**

Í framangreindu bréfi er vísað í samgönguáætlun eins og segir hér að ofan. Umhverfisstofnun vill koma því á farmfæri að textinn sem vitnað er í á bls. 129 er alfarið á ábyrgð þeirra sem standa að samgönguáætlun. Einnig mat það sem þar kemur fram um hvað telst vera óljóst svo og hvort eða hvernig beri að bæta fyrir hugsanlega skaða o.s.frv.

Í framangreindu bréfi er einnig óskað eftir álitum Umhverfisstofnunar á hugmyndum Vegamálastjóra um að fram fari óformlegt mat á möguleikum framkvæmda á þessum staða með þátttöku hagsmunaaðila. Umhverfisstofnun tekur alltaf jákvætt í að hugmyndir um vegagerð eða aðrar framkvæmdir séu skoðaðar áður en farið er í formleg ferli fyrir slíkar framkvæmdir. Í þessu tilfalli er hins vegar jafn ljóst að stofnunin getur ekki tekið jákvætt í hugmyndir sem að hennar mati rýra náttúruverndargildi friðlandsins / Ramsarsvæðisins.

Virðingarfyllt

  
Trausti Baldursson

  
Arni Bragason

Meðf: Bréf Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 7. mars sl., bréf Náttúruverndarráðs frá 26. janúar 1996, bréf umhverfissráðuneytisins frá 22. febrúar 1996, fax 3. júlí 1996, fax 23. og 25. september 1996 ásamt Diploma, önnur gögn varðandi samskipti utanríkisráðuneytisins og sendiráðs Íslands í Bonn, Information Sheet on Ramsar Wetlands. Bæklingur um Ramsarsamninginn. Bæklingurinn Bjartari framtíð um ýmsa alþjóðasamninga á sviði náttúruverndar.